

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars í máli nr. E-2502/2008:

Jakob Adolf Traustason

(Sjálfur ólöglærður)

gegn

Fjársýslu ríkisins.

(Einar K. Hallvarðsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl., er höfðað með stefnu birtri 3. apríl 2008.

Stefnandi er Jakob A Traustason Barónsstíg 3 Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur stefnanda eru svohljóðandi:

„Stefnandi krefst að viðurkennt verði með dómi að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda fyrir þær sakir að hann fékk ekki dæmdan til sín málskostnað í héraðsdómsmáli nr. E-2869/1997 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og í kærumáli nr. 186/1998 fyrir Hæstarétti Íslands, ásamt að viðurkennt verði að stefnandi eigi jafnframt rétt til miskabóta úr hendi stefnda.

Jafnframt er krafist að í sama dómi verði viðurkennt að stefndi beri bótaskyldu á tjóni sem stefnandi hefur orðið fyrir er nemur vöxtum að því hámarki sem lög heimila, frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu í kærumáli nr. 186/1998 fyrir Hæstarétti Íslands og til greiðsludags, af bótafjárhæð sem stefnandi síðar fær sér dæmda á grundvelli viðurkenningardóms, þess sem mál þetta er höfðað til.”

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Með úrskurði héraðsdómara 23. október sl. var málinu vísað frá dómi að kröfu stefnda en með dómi Hæstaréttar Íslands frá 25. nóvember sl. var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur stefnanda til efnismeðferðar.

Málsókn þessi er sprottin af því að með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 6. apríl 1998 var kröfum Almennu málflutningsstofunnar á hendur stefnanda í dómsmáli sem málflutningsstofan hafði höfðað á hendur honum vísað frá dómi en málskostnaður felldur niður. Stefnandi kærði úrskurð þennan til Hæstaréttar en því máli var sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti og kærumálskostnaður felldur niður.

Stefnandi kveðst byggja málsókn sína á því að saknæmar, ólögmætar athafnir og athafnaleysi dómara við málsmeðferð hlutaðeigandi héraðsdómsmáls og kærumáls hafi valdið stefnanda saknæmu tjóni með því að hann hafi fyrir þær sakir ekki fengið greiddan málskostnað úr hendi Almennu málflutningsstofunnar vegna málanna og að stefndi beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda til jafns við tjón hans.

Stefnandi hafi verið stefndi í héraðsdómsmálinu (E-2869/1997) og hafa krafist í því málskostnaðar auk álags á málskostnað úr hendi stefnanda þess máls. Málinu hafi verið vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður. Sé ólögmætt í slíku tilvikum að dæma ekki málskostnað til stefnda í málinu.

Með kærumáli nr. 186/1998 til Hæstaréttar hafi verið leitað eftir að fá ákvörðun héraðsdómara hnekkt varðandi málskostnaðarþáttinn. Í kærinni hafi, ásamt með öðru, verið krafist málskostnaðar auk álags á málskostnað bæði fyrir héraði og Hæstarétti. Kærinni hafi hins vegar verið vísað frá Hæstarétti án þess að fjallað væri þar um málskostnaðarþáttinn. Ólöglegt hafi verið af Hæstarétti að taka ekki til úrlausnar kröfu kæranda um málskostnað fyrir héraði, ásamt því að dæma til kæranda málskostnað vegna kærunnar, ef fallist yrði á kæruröfu um málskostnað í héraði. Engin forsenda hafi verið til þess að vísa þeim þætti er lotið hafi að málskostnaði fyrir héraði frá Hæstarétti þó svo annað í kærinni væri talið utan kærheimildar.

Það sé aðalreglan að sá sem höfði mál sé dæmdur til að greiða stefnda málskostnað ef máli sé vísað frá dómi. Eina undantekningin sem lög leyfa frá þessari meginreglu er í þeim tilvikum að stefndi hafi efnt þá skyldu sem hann er krafinn um í máli, sbr. og m.a. 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hafi ekki getað annað farið með þau dómaraverk sem hér um ræði og hann hafi engu ráðið um að hann hafi verið seldur undir hlutaðeigandi starfsmenn stefnda, þ.e. þá dómara sem hér um ræði og að ekkert annað hafi verið í boði. Á því sé byggt að sá sem feli öðrum framkvæmd einhvers verks beri ábyrgð á því tjóni sem starfsmaðurinn valdi með saknæmum og ólögmætum hætti við framkvæmd verksins.

Jafnframt hafi skort á leiðbeiningar frá héraðsdómara og það hafi m.a. leitt til tjóns fyrir stefnanda í formi vinnu og kostnaðar af kærumálinu en stefnandi sé ólögglærður. Þá er á því byggt að framangreint eigi jafnframt við um hlutaðeigandi

hæstaréttardómara að því marki sem við geti átt. Þá hafi kæranda heldur ekki af hlutaðeigandi dómurum verið leiðbeint varðandi annað sem að málsskoti og kæru laut og er hér jafnfram á því byggt.

Byggt er á varðandi allt ofangreint að stefndi beri í þeim efnum húsbóndaábyrgð til viðbótar ábyrgð á grundvelli almennu sakar- og skaðabótareglunnar, en reglan hefur m.a. verið orðuð þannig : "Sá, sem með ólögmætri og saknæmri athöfn eða athafnaleysi bakar öðrum manni tjón, skal bæta honum það tjón, sem telja má sennilega afleiðingu athafnarinnar eða athafnaleysisins." Undir þetta fellur einnig tjón sem valdið er fyrir mistök, vanrækslu eða gáleysis þegar ætlast mátti til annars.

Stefnandi heldur því jafnframt fram að hann hafi orðið fyrir ólögmætri meingerð af því sem stefnan tekur til og því eiga hann einnig rétt á miskabótum úr hendi stefnda.

Réttur til að krefjast dóms til viðurkenningar á bótaskyldu sé m.a. studdur við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Fari svo að ekki verði fallist á kröfur stefnanda eða málinu vísað frá dómi er þess krafist að stefnandi verði ekki dæmdur í greiðslu málskostnaðar.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta á grundvelli laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og vísar einnig til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu sbr. og 70. gr. stjórnarskrár og til b liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Jafnframt sé vísað til annarra réttarheimilda og lagaraka sem við eiga. Krafa um vexti og vaxtavexti sé studd við vaxtalög nr. 25/1987, með síðari breytingum, ásamt við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um dráttarvexti sé studd við III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum, fram til 1. júlí 2001, en eftir þann tíma við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr. laganna.

Af hálfu stefnda er vísað til þess að stefnandi geri í máli þessu kröfur um viðurkenningu á bótaskyldu sökum þess að dómar héraðsdóms og Hæstaréttar í tilteknum málum hafi ekki fallið honum í vil að því er varði málskostnað og kærumálskostnað. Þá krefst stefnandi þess einnig í fyrri lið kröfugerðar sinnar að viðurkenndur verði réttur hans til miskabóta úr hendi stefnda. Seinni liður kröfugerðar stefnanda virðist lúta að viðurkenningu á bótaskyldu er nemi vöxtum af bótafjárhæð þeirri sem síðar verði dæmt um á grundvelli þeirra úrslita sem hann væntir í þessu máli. Loks er gerð krafa um málskostnað.

Stefndi telur að á engan hátt sé til að dreifa saknæmri eða ólögmætri háttsemi við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms né við dóm Hæstaréttar. Engin lagaskilyrði séu til að viðurkenna rétt stefnanda til miskabóta vegna þeirra dómsathafna sem um ræði. Skilyrði 26. gr. skaðabótalaga um miskabætur séu ekki uppfyllt og engri ólögmætri meingerð til að dreifa.

NIÐURSTADA

Stefnandi krefst viðurkenningar á því að stefndi sé ábyrgur fyrir tjóni sem stefnandi hafi beðið vegna þess að dómari hafi ekki dæmt honum málskostnað úr hendi stefnanda í máli þar sem stefnandi hafði tekið til varna en málinu var vísað frá dómi. Enn fremur að hann hafi beðið tjón vegna þess að Hæstiréttur hafi ekki leyst úr kröfu hans um málskostnað. Jafnframt krefst stefnandi viðurkenningar á bótaskyldu á tjóni er nemi hámarksvöxtum er honum kynni að verða dæmdir frá 15. degi eftir dómsuppsögu dóms Hæstaréttar í kærumáli nr. 186/1998.

Í 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er svohljóðandi ákvæði: „Stefnanda skal gert að greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi eða það er fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann er krafinn um í máli.“

Ákvæði þetta er fortakslaust og samkvæmt því bar að úrskurða stefnda málskostnað í máli nr. E-2869/1997, sem vísað var frá héraðsdómi. Verður því fallist á það með stefnanda að viðurkenna beri þá kröfu hans að stefndi sé bótaskyldur gagnvart honum vegna þess að umræddu lagaákvæði var ekki fylgt við úrlausn máls hans fyrir héraðsdómi. Hins vegar er ekki fallist á það með stefnanda að bótaskylda á hendur stefnda hafi stofnast við það að Hæstiréttur varð ekki við kröfu stefnanda um að dæma honum málskostnað er rétturinn leysti úr kröfu hans í máli nr. 186/1998 með því að kærueimild stefnanda til handa var ekki fyrir hendi og lög stóðu því ekki til þess að hann fengi úrlausn um málskostnaðarkröfu sína í máli nr. E-2869/1997.

Um þann kröfulið stefnanda að viðurkenna að hann eigi miskabótakröfu á hendur stefnda er það að athuga að ekki liggja fyrir gögn né heldur standa rök til þess að úrlausn héraðsdóms hafi falið í sér ólögsmæta meingerð í garð stefnanda. Er þessum kröfulið því hafnað.

Þá gerir stefnandi kröfu um að viðurkennt verði að krafa hans beri hámarksvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu í kærumáli nr. 186/1998 en dómurinn var kveðinn upp 8. maí 1998.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda fyrnast kröfur um vexti á fjórum árum. Stefna í þessu máli var birt 3. apríl 2008 og eru því vextir fram til 3. apríl 2004 fyrndir samkvæmt tilvitnuðu ákvæði. Verður því krafa stefnanda um viðurkenningu á kröfu hans til vaxta tekin til greina þannig að viðurkennt er að stefndi beri bótaskyldu er nemi fjárhæð vaxta að því hámarki er lög leyfa hverju sinni af fjárhæð samkvæmt fyrsta kröfulið hans frá 3. apríl 2004 til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

DÓMSORÐ

Viðurkennd er sú krafa stefnanda, Jakobs A. Traustasonar, að stefndi, íslenska ríkið, beri bótaábyrgð á því tjóni stefnanda sem leiddi af því að honum var ekki dæmdur málskostnaður í máli nr. E-2869/1997.

Viðurkennt er að stefndi beri bótaskyldu er nemi fjárhæð vaxta að því hámarki er lög leyfa hverju sinni af fjárhæð samkvæmt framangreindri bótakröfu frá 3. apríl 2004 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon.